

Regnbogastrætið Kirkjutún



Síðastliðið sumar var regnboga-fáninn málaður á Kirkjutúnið í Ólafsvík í tilefni af Hinseginhátið Vesturlands sem haldin var í Snæfellsbæ 21. til 24. júlí 2022. Regnboginn í Kirkjutúninu hefur verið vinsæll áningarstaður sem grípur bæði heimamenn og gesti. Í síðustu viku stóð starfsfólk Snæfellsbæjar í ströngu við að endurmála regnbogagötuna þar sem skærir


litirnir höfðu fölnað yfir veturinn. Klárað var að setja nýtt lag á götuna á tveimur dögum og skartar Kirkjutúnið nú aftur myndarlega skörpum regnboga sem mun laða að bæði íbúa og ferðamenn.

Þar að auki hefur skemmtileg viðbót verið sett upp við Kirkjutúnið en þar er kominn áningastaður með skilti sem hvetur fólk til að eiga rómantíska stund við

regnbogagötuna og kysast. Nú þegar er gatan orðin virkilega vin-

sæl með heimamanna og gesta og vekur mikla lukku.

SJ


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199


VÉLSMIÐJA
GRUNDFARFJARÐAR

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Um 70 manns kepptu í motocross

Fjöldi fólks lagði land undir fót til Snæfellsbæjar um helgina enda mikið um að vera í bæjarfélaginu. Meðal þess sem var í boði var Íslandsmót í motorcrossi sem haldið var á braut Motorcross-klúbbs Snæfellsbæjar, fyrir utan Enni. Mikill mannfjöldi fylgdi með keppninni en auk þeirra voru um 70 keppendur sem tóku þátt í mótinu í karla og kvennaflokki. Sigurvegari í karlaflokki MX-1 var Máni Freyr Pétursson og í karlaflokki MX-2 var það Eiður Orri Pálsson. Í unglingsflokki sigruðu Kári Siguringason og Eric Máni Guðmundsson en Andri Berg Jóhannsson var fyrstur í 85 flokki. Aníta Hauksdóttir var fyrst í kvennaflokki en í kvennaflokki 30+ var það Theodóra Björk Heimisdóttir.

Þegar stutt var eftir af keppni varð slys sem varð til þess að keppandi hálsbrotnaði. Þyrla landhelgisgæslunnar var send á slystað og flutti viðkomandi und-



ir læknishendur. Er sjúklingurinn á batavegi og hefur tjáð sig um reynsluna á samfélagsmiðlum.

Næsta keppni fer fram á Akranesi þann 8. júlí næstkomandi.

JJ

Hleðsla réttarinnar gengur vel



Níunda og síðasta árið af endurhleðslu Ólafsvíkurréttar er að líða en einungis 14 metrar eru eftir af réttinni í sinni gömlu mynd. Síðan árið 2014 hefur Guðrún Tryggvadóttir staðið að átaksverkefni sem varðar endurhleðslu réttarinnar ásamt Lydíu Rafnsdóttir og Sölva Konráðssyni. Þessi þrír sjálfbæðaliðar ásamt Ara Jóhannessyni, hleðslumeistara, hafa staðið

staðið vaktina við endurhleðsluna öll níu árin í réttinni ásamt fjölda sjálfbæðaliða sem tekið hafa til hendinni. Teymið hefur hlaðið réttina að nýju, einn dilk í einu og nú í júní eru einungis 14 metrar eftir af verkefninu sem áætlað er að klára í ágúst. Gríðarlega mikil vinna er að baki þessa öfluga hóps en ávalt er stutt í gleðina.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Aðgengi bætt með römpum



Römpum upp Ísland er verkefni á landsvísu sem ætlað er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslunum og veitingahúsum á Íslandi. Hvatamaður verkefnisins er Haraldur Þorleifsson athafnamaður og stofnandi hönnunar fyrirtækisins Ueno. Glöggir íbúar tóku eflaust eftir framkvæmdum við Ólafsbraut 19 í Ólafsvík þar sem öflugur hópur manna frá Römpum upp Ísland bættu aðgengi að þjónustufyrirtækjum í húsnæðinu. Römpum upp Ísland hefur einsett sér að gera 1500 veitingastaði og verslanir í einkaeigu aðgengilegra hreyfihömluðum og er stefnan sett á að verkinu ljúki á landsvísu fyrir lok árs 2023. Rampaátakið hófst í mars 2022 og var þá markmiðið að byggja 100 rampa á einu ári, nú hefur ver-

kefnið undið heldur betur upp á sig og í nóvember 2022 var tilkynnt að markmiðið væri komið upp í 1500. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu milli Römpum upp Ísland, sveitarfélaga, húseigenda og íbúa sem skipta með sér kostnaði og verkum. Á þessari ferð sinni um Snæfellsnesið rampaði hópurinn frá verkefninu upp fimm þjónustufyrirtæki við Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, það voru Sker veitingastaður, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Pastel hárstofa, Voot og húsnæði Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga. Ramparnir verða vígðir við formlega athöfn síðar en með þessu sameiginlega átaki þjónustuaðila, verktaka og yfirvalda er stuðlað að bættu umhverfi og betra aðgengi á Íslandi.

SJ



64°53'43.8"N

23°42'27.3"W

Snæfellsjökuls hlaupið 2023

64°45'59.9"N

23°38'00.7"W

Þökkum styrktaraðilum
og sjálfbóðaliðum
kærlega fyrir þeirra framlag
við undirbúning og
framkvæmd hlaupsins.

Takk fyrir!

24. júní

2023

Styrktaraðilar

Sportvörur
TÓST
Ólgerðin
Sæferðir
Hótel Búðir
Narfeyrastofa
Bætiefnabúllan
Snæfellsbær
Artasan

Sker
Verslunin Hrund
Glacier Paradise
Gistiheimilið við Hafíð
Samhentir
Apótek Vesturlands
Þín Verslun Kassinn
Viðvík
Arnarbær

Ánægðir keppendur í Snæfellsjökulshlaupi

Hlýtt og þurr var í veðri þegar 176 hressir þátttakendur tóku þátt í Snæfellsjökulshlaupinu um liðna helgi. Brautar met karla var slegið þegar Þorbergur Ingi Jónsson hljóp á tímanum 1:24:27 en ólympíufarinn Kári Steinn Karlsson hefur átt metið í 10 ár eða síðan 2013 þegar hann hljóp á tímanum 1:24:31. Þorbergi tókst því að bæta brautar metið um 4 sekúndur. Þorsteinn Roy Jóhannsson var annar í mark á tímanum 1:24:42 og Þórólfur Ingi Þórsson sá þriðji á tímanum 1:32:28. Brautar met kvenna var einnig slegið en Halldóra Huld Ingvarsdóttir hljóp á tímanum 1:41:20 og sló þannig met Andreu Kolbeinsdóttur síðan í fyrra en þá hljóp hún á tímanum 1:42:46. Halldóra Huld sló því met Andreu um 1 mínútu og 26 sekúndur. Hildur Aðalsteinsdóttir var önnur kvenna í mark á tímanum 1:53:52 og Elsa Hannesdóttir sú þriðja á tímanum 2:08:37. Benedikt Osterhammer Gunnarsson var fyrsti heimamaðurur í mark á tímanum 1:53:22. Eftir hlaupið voru verðlaun veitt fyrir bestu tímuna í sjömannagarðinum í Ólafsvík, allir fengu veglega gjafapoka og úrdráttarverðlaun veitt. Öllum hlaupurum var boðið í sund í sundlaug Ólafsvíkur. Umtalað var meðal hlaupara að umgjörð og skipulag hlaupsins hafi verið til fyrirmyndar og voru flestir sammála að mæta aftur til leiks að ári. Skipuleggjendur hlaupsins vilja koma þökkum á framfæri til styrktaraðila og allra sem lögðu hönd á plóg við framkvæmd hlaupsins. Fjöldi sjálf-



boðaliða stóðu vaktina á laugar-
daginn og hjálpuðu við ýmis verkefni sem fylgdu hlaupinu og er það þeim ómetanlegt að finna fyrir slíkum stuðningi.

JJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Hressir krakkar í ísferð

Fyrir skömmu fóru börnin á leikskólanum Krílakoti í árlega ísferð sína, í mörg ár hafa Ólína og Þórður í Söluskála ÖK tekið á mótum börnunum með ís, þau hafa nú selt reksturinn en nýir eigendur ákváðu að halda þessari hefð við. Börn og starfsfólk Krílakots vilja koma á framfæri kærri þakk-læti til eigenda Sjoppunnar fyrir frábært framtak.

Fimmtudaginn 22. júní s.l. fóru þrír elstu árgangarnir á Kríubóli til Drífu í Hraðbúðinni og gaf hún öllum ís og vilja börn og starfsfólk Kríubóls koma kærri þakk-læti til hennar.



Listasýning á Stapa



Sýningin „Anne Herzog Art work og“ hefur verið í Samkomuhúsinu á Arnarstapa síðan 8. maí. Síðasti dagur sýningarinnar verður 29. júlí. Anne er listakona sem starfar á Snæfellsnesi en hún er frönsk. Hún hefur dvalið mikið á Íslandi og hef-

ur stundað hér nám í myndlist og myndlistarkennslu. Verk sýningarinnar voru bæði blek- og vatnslitateikningar ásamt ljósmyndum. Sýningin hefur vakið mikla athygli hjá ferðamönnum sem heimsækja Arnarstapa og einnig heimamönnum.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Jafntefli hjá Reyni - Víkingur á toppnum

Strákarnir í Reyni tóku á móti liði Léttis frá Reykjavík á föstudaginn. Leikurinn fór fram í grenjandi rigningu, eins og við mátti búast, miðað við hvernig sumarið hefur verið. Reynis menn mættu orðin 3-0 eftir 38 mínútur. Þeir Kristján Jóhannesson, Matteo og

Aron Gauti skorðu. Léttismenn minnkuðu muninn fyrir hálfleik þannig að staðan var 3-1 í hálfleik. Gestirnir unnu sig inn í leikinn í seinni og náðu að jafna rétt áður en dómariinn flautaði til leiksloka. Lokastaða 3-3.

Reynir á næst leik kl. 16.00 á laugardaginn 1. júlí, sá leikur er

gegn Úlfunum og mun fara fram á Ólafsvíkurvelli.

Víkingarnir héldu norður í land (sækja í blíðuna) nánar tiltekið til Ólafsfjarðar og léku við KF. Björn Axel tók með sér markaskóna og þeir virkuðu strax á 38. á mínútu, en heimamenn jöfnuðu 12 mínútum seinna, þannig að staðan var 1-1 í hálfleik. Björn bætti við marki á 76. mínútu, sem dugði til sigurs. Öflugur sigur, á móti liði, sem ekki hefur gengið nógu

vel og er að berjast fyrir tilveru sinni í deildinni. Baráttan í aðalhlutverki og of mikið af spjöldum í leiknum. Næsti leikur Víkinga er á föstudaginn við Þrótt úr Vogum, sem vermir þriðja sætið í deildinni og því einn af þessum sex stiga leikjum eins og sagt er þegar lið eru nálægt hvort öðru í deildinni. Hvetjum því íbúa til að fjölmenna á völinn og styðja strákanna.

ÓHS





**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð 3. - 28. júlí vegna sumarleyfa

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma **440 2390 og 440 2000**

Bæjarblaðið Jökull kemur út 6. júlí
en fer svo í frí og kemur næst út 17. ágúst



Ljósleiðari lagður að Líkn



Verið er að leggja ljósleiðara að Líkn á Hellissandi þar sem félagsmiðstöðin Afdrep og aðstaða Ungmennafélags Víkings/Reynis til rafíþróttar eru til húsa. Tilkoma ljósleiðara hefur valdið byltingu í samskiptatækni þar sem hann býður upp á meiri flutningsgetu og bandbreidd en nokkur önnur

tenging. Hann er alltaf að þróast og núverandi þræðir hafa fengið margfalt þann hraða sem þeir buðu upphaflega upp á. Þessi nýjung í Líkninni mun skipta sköpum fyrir rafíþróttadeildina sem hefst af krafti í haust.

SJ

Dregið í happdrætti Víkings/Reynis



UMF Víkingur/Reynir stóð fyrir happdrætti á dögnum til styrktar rafíþróttadeild félagsins en unnið er að fjármögnun hennar. Fullt af glæsilegum vinningum voru í boði fyrir heppna miða eigendur og var aðalvinnurinn 100.000 króna gjafa-

bréf frá Play. Dregið var á 17. júní og var það Þorkatla Sumarliðadóttir sem fékk aðalvinnurinn. Ósótta vinninga má nálgast með því að senda skilaboð á facebook síðu ungmennafélagsins eða sækja þá í Íþróttahús Snæfellsbæjar.

Ný saunatunna í sundlaug Grundarfjarðar

Ný saunatunna var tekin í notkun í sundlaug Grundarfjarðar á Þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Saunatanunna var að hluta til fjármögnuð með peningagjöf frá Lionsklúbbi Grundarfjarðar með styrktarfé sem safnaðist á Kúttmagakvöldi klúbbsins í mars. Í þeirri söfnun komu meðal annars framlög frá Starfsmannafélagi Slökkviliðsins og Lionsklúbbi Kópavogs. Markmiðið með gjöf Lionsklúbbsins var eins og í öllu sem klúbburinn gerir að styðja og styrkja nærumhverfi sitt og með þessari gjöf var viljinn að styðja við heilsu-eflingu slökkviliðsmanna, íbúa og gesta. Þá eiga gufuböð að hjálpa til við að losa eiturefni úr líkamanum og meðal annars vegna þess hafa slökkviliðsmenn haft mikinn áhuga á að eiga aðgang að saunu, ef þeir lenda í reykklöfnum við störf sín. Auk þess eru gufuböð sögð auka virkni ónæmiskerfisins, styrkja hjarta- og æðakerfið, minnka verki, bæta útlit húðar og fleira.



Grundarfjarðarbær hefur fjárfest í nýju köldu kari í stíl við saunatanunna sem verður sett upp í sumar, útisturta er væntanlega fljótlega og unnið er að því að setja upp nýja myndavél vegna eftirlits í tengslum við saunatanunna. Grundarfjarðarbær þakkar öllum sem komu að fjármögnun og uppsetningu saunatanunnar fyrir sín framlög.

SJ

Fjöldi keppenda á móti fyrir 50+



Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi um liðna helgi. Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og kynningu á ýmis konar hreyfingu. Mótið hefur farið fram árlega síðan 2011. Mótið var öllum opið sem urðu 50 ára á árinu og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag, allir geta tekið þátt og á sínum forsendum. Þátttakendur á mótinu í ár voru um 320 talsins en það er vel yfir meðalfjöldi þátttakenda undanfarin ár. Veðrið lék við gesti og stóðu bæjarfélagið og skipuleggi-

endur sig frábærlega við framkvæmd mótsins. Svona mót er ekki haldið nema með öflugum sjálfbodaliðum sem skiluðu sínu starfi mjög vel. Samkvæmt framkvæmdarstjóra HSH hefði verið skemmtilegt að sjá meiri þátttöku í opnu greinum mótsins en vonandi tekst UMFÍ af efla það á komandi mótum. eru þessi mót frábært tækifæri fyrir hlaupa- og hjólahópa til að skemmta sér í góðra vina hópi. Vill HSH þakka styrktaraðilum fyrir þeirra framlag til mótsins sem gekk vel í alla staði.

JJ

ÓLAFSVÍKURVAKA 2023

Dagskrá

Fimmtudagur 29. júní

20:00 Bæjarbúar hittast í sínum hverfum og skreyta.

Föstudagur 30. júní

12:00 Krakka CrossFit á sparkvellingum
KrakkaWod fyrir 6-15 ára á vegum CFSNB

14:00 Happy hour
16:00 Reks bistró

16:00 Íþróttarálfurinn í boði N1
Sjómannagarðurinn

16:00 Happy hour
18:00 Sker Restaurant

17:00 Silent Diskó fyrir 10 ára og eldri
18:30 Íþróttarhúsinu í boði Ungmennaráðs Snæfellsbæjar

17:30 Dorgveiðikeppni SjóSnæ
Grillveisla á bryggjunni eftir keppni í boði Hafkaup

18:00 Víkingur Ólafsvík – Þróttur Vogum
Ólafsvíkuvöllur

18:00 Frítt í sund í boði Snæfellsbæjar
21:00 Íspinnar gefins í boði Sker Restaurant

20:30 Tónleikar í Sjómannagarðurinn
Kaldur á krana í Kaldalæk
Stebbi Jak söngvari Dimmu
Garðar og Siggí

21:00 Frystiklefinn – Karaóki

23:00 Haffi Haff disco party á Reks bistró
01:00 18 ára aldurstakmark

Laugardagur 1. júlí

10:00 Kassinn Open – Golfmót
Fróðárveili

11:00 Mótorkross klúbburinn með sýningu
Ólafsvíkurfjara

11:30 Fjölskyldu Regnbogahlaup
Sjómannagarður

12:00 Hraðskákmót á vegum Tafffélags
Snæfellsbæjar
Áttagastofa

13:00 Kaffisala Kvenfélags Ólafsvíkur
17:00 Pakkhúsi Ólafsvíkur

13:00 Hoppkastalar
Andlitsmálning Barnana
16:00 Markaðstorg
Sjómannagarður

14:00 Hátiðardagskrá
Sjómannagarður

14:00 Happy hour
16:00 Reks bistró

15:00 Lára og Ljónsi í Sjómannagarðinum
Í boði Lista- og menningarnefnd
Snæfellsbæjar

16:00 Happy hour
18:00 Sker Restaurant

16:00 Reynir Hellissandi – Úlfarnir
Ólafsvíkuvöllur

18:30 Hverfagrill

20:00 Skrúðganga úr öllum hverfum og
sameinast þau í Sjómannagarðinum

20:30 Brekkusöngur og hverfaatriði
Sjómannagarður
Kaldur á krana í Kaldalæk

22:30 Dansleikur í félagsheimilinu Klifi
02:00 Hefst stundvíslega 23:00 Auði &
Steindi
DJ Rikki G

Opnunartími fyrirtækja

1. júlí

2. júlí

Sjoppan

09:00 – 23:00 09:00 – 23:00

Sundlaug

10:00 – 17:00 10:00 – 17:00

Vatnshellir

10:00 – 17:00 10:00 – 17:00
Ferð á hálf tíma fresti

Gallerí Jökull

11:00 – 17:30 11:00 – 17:30

Verzlunin Kassinn

11:00 – 17:00 13:00 – 17:00

Vínbúð

11:00 – 14:00 Lokað

Gilbakki Kaffihús

11:00 – 17:00 11:00 – 17:00

Sker Restaurant

11:45 – 21:00 12:00 – 21:00

Reks bistró

12:00 – 21:00 12:00 – 21:00

Pakkhúsið

13:00 – 17:00 Lokað

Útgerðin

13:00 – 18:00 13:00 – 18:00

Viðvík Restaurant

17:00 – 22:00 17:00 – 23:00

Miðasala á ballið

Forsala á Sker Restaurant frá 26. júní – 30. júní

Miðaverð 4.000.- kr í forsölu
5.000.- kr við hurð
18 ára aldurstakmark

Sérstakar þakkir

Sker Restaurant
Reks bistró
Landsbankinn
Deloitte
Fiskmarkaður Íslands
Steinprent
Valafell
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar
Tannlæknastofa AB Ólafsvík
Verzlunin Kassinn
Soffanías Cecilsson ehf

N1
Breiðavík
Steinunn SH
JE Bílverk
Snæfellsbær
Hafnarsjóður Snæfellsbæjar
Guðmundur Jensson ehf
Lista og menningarnefnd Snæfellsbæjar
Voot
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Nesver

Sjávariðjan
Hraðfrystihús Hellissands
Terra
Ragnar og Ásgeir
Litlalón
Anton Jónas Illugason
Summit Adventures Guides
Hótel Búðir
Glacier Paradise – Snæfellsjökull
Gilbakki Kaffhús
Viðvík Restaurant

30. JÚNÍ – 2. JÚLÍ